

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu  
101 Reykjavík

Sent inn gegnum samráðsgátt stjórnvalda

Skaftárhreppi, 20. nóvember 2023

**Varðar: Mál nr. 231/2023; áform um lagasetningu um breytingu á ýmsum lögum vegna þjóðlenda (starfslok óbyggðanefndar o.fl.)**

Tilfni þessara skrifa er einkar sá þáttur endurskoðunar laganna er snýr að frekari skilgreiningu eignarréttar ríkisins á þjóðlendum og á landinu öllu, og stjórnýsla henni tengd.

Þjóðlenda er, eins og orðið ber með sér, land í sameign þjóðarinnar. „Ein órofa auðlind í eigu þjóðar“ eins og það er svo ágætlega orðað í umsögn Landverndar um þetta mál. Eignarréttarstaðan verður að endurspegla það, sem og fyrirkomulag stjórnýslu; leyfisveitinga- og skipulagsmála ekki síst.

Nú, þegar aldarfjórðungur er liðinn frá breyttu fyrirkomulagi stjórnýslu hálendisins, er að mati stjórnar Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi tímabært að líta um öxl, meta árangur og skerpa á stefnunni. Saga skipulagsmála hálendisins er ágætlega rakin í [grein Júlíusar Sólnes, fyrirverandi umhverfisráðherra, „Hálendisblús“, í Morgunblaðinu 7. desember 2020](#), og mæla Eldvötn eindregið með lestri hennar í þessu samhengi.

Þegar miðhálandinu var, rétt fyrir síðustu aldamót, skipt á milli aðliggjandi sveitarfélaga í svokallaðar „tertusneiðar“ þá skekkist stjórnýsluleg aðkoma landsmanna að þessari sameign. Til þess ber m.a. að líta að skiptingin, sem færði sveitarstjórnunum skipulagsábyrgð (tíðum nefnt „skipulagsvald“) ákvarðaðist öðru fremur af sögu sauðfjárhalds (beitarafnota) gegnum tíðina, sem rétt er að spyrja sig hvort eðlilegt sé að miða við nánast eingöngu við skiptingu lands sem niðurstaðan um varð að væri sameignarland þjóðarinnar. Með sannarlega fullri virðingu þó fyrir sauðfjárþýskum.

Fasteignagjöld af byggingum, þá ekki síst stöðvarhúsum vatnsaflsvirkjana, urðu gróðalind fyrir sveitarfélögin í landinu. Þetta fyrirkomulag hefur því miður verið hvati fyrir sveitarstjórnir til að fórna verðmætu sameignarlandinu og skerða um leið víðernin, í skiptum fyrir rekstrarfé.

Ásókn í land á miðhálandi Íslands hefur á undanförunum árum aukist til muna, með aukinni ferðaþjónustu, á tíðum ágengri, til viðbótar orkuvinnslu. Tekist er á um skipulagið, en landsskipulagsstefnan sem tók við af svæðisskipulagi miðhálandisins hefur ekki reynst nægilega styrk. Þá er þess skemmst að minnst að

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

---

nokkrar sveitarstjórnir fóru gegn áformum um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Nýtingarréttarhafar – þeir sem eru svo heppnir að fá að nýta sameign þjóðarinnar – stóðu s.s. sumir hverjir í vegi fyrir áformum um langtíma vernd þjóðlendanna í formi þjóðgarðs, jafnvel þótt alls ekki hafi staðið til að rýra rétt þeirra til afnota. Segja má að þeir hafi sett sig í sæti landeigenda, og jafnvel verið skilningur manna að nýtingarrétturinn jafngilti eignarhaldi. Þetta má að líkindum rekja til þess að ráðuneyti og ríkisstofnanir þær er málið varðar hafa ekki sýnt nægilega festu. Ástæða sem nefnd hefur verið, en ekki verður dæmt hér um hvernig stenst, er sú að lagagrundvöllur hafi ekki verði nægilega sterkur. Sé svo, er nú lag að bæta þar úr. Því skipulagskapphlaupi sem um hálandið ríkir þarf að linna og stefnan að vera bæði ábyrg og skýr.

Samtal og samráð þarf sannarlega ávallt að vera gott og allra leiða leitað til að komast að góðum sameiginlegum niðurstöðum varðandi útfærslu slíkra. En það, að sveitarstjórnir komist upp með að slá áform um miðhálandisþjóðgarð út af borðinu í krafti skipulagsvalds sem þeim var fært fyrir aðeins aldarfjórðungi síðan; valds sem þær höfðu aldrei haft áður, segir það sem segja þarf um stjórnsýslu svæðisins.

Nú er lag að bæta stjórnsýsluna; líta til baka og endurskoða fyrirkomulagið, svo að sem sanngjarnast sé gagnvart þjóðinni allri. Auk endurskoðunar skipulagsþáttarins er það álit Eldvatna að ráðuneytið þurfi að standa í lappirnar sem fulltrúi landeigenda í leyfisveitingamálum og hafa til þess stoð í lögum. Um er að ræða risavaxin mál er varða m.a. aðgang og nýtingarleyfi óskyldra hagsmunaaðila til lengri eða skemmri tíma að nýtingu sameiginlegra auðlinda, vegna nýtingar sem oftast en ekki felur í sér óafturkræf náttúruspjöll. Sjálfa þjóðlenduna, sameign þjóðar, ber stjórnvöldum að vernda fyrir allri ágengri nýtingu.

Öræfanna á miðhálandi Íslands er mikilvægt að líta til sem einnar órofa heildar og standa vörð um. Sérstaða þeirra og verðmæti felast í einstakri síkvikri náttúru, óviðjafnanlegum andstæðum í landslagi og víðernum sem talin eru meðal síðustu stóru víðerna Evrópu. Ábyrgð Íslendinga sem þjóðar á vernd þeirra er af þessum sökum afar rík í alþjóðlegu samhengi.

Samtökin hvetja eindregið til þess að áfram verði unnið að stofnun miðhálandisþjóðgarðs, í góðu samstarfi og sátt við sveitarstjórnir á svæðinu og aðra hagaðila. Þjóðgarður er það stjórnþæki sem eðlilegast er að nýta á hálandi Íslands, í samstarfi ríkis og sveitarfélaga, en afar mikilvægt er að skipulag þess taki mið af heildar- og langtímasjónarmiðum – sem um ríki sátt. Náttúruvernd er nýting í sjálfu sér.

Eldvötn leggja áherslu á að náttúruvernd verði ætíð höfð í heiðri við alla stjórnsýslu hálandisins, að sjálfbær þróun verði ávallt höfð að leiðarljósi og að nýting innan hálandisins verði þannig ekki á kostnað þeirra náttúrugæða sem það býr yfir.

## F.h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi



Ingibjörg Eiríksdóttir  
formaður